

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 140/2013**

2013/EES/72/08

frá 15. júlí 2013

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 259/2012 frá 14. mars 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 648/2004 að því er varðar notkun fosfata og annarra fosfórsambanda í þvottaefni og uppþvottavélaefni fyrir neytendur ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12u (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32012 R 0259**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 259/2012 frá 14. mars 2012 (Stjttfð. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 259/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júlí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júlí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Þórir Ibsen

formaður.

⁽¹⁾ Stjttfð. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 16.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.